



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Vísao er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ástand Fossvogsskóla og heilsu skólabarna dags. 21. febrúar 2020 sem lögð var fram í borgarráði 20. febrúar 2020 – mál R20020201.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er lögboðinn, faglegur og óháður eftirlitsaðili með Fossvogsskóla og hefur farið í reglubundnar úttektir með skólahúsnæðinu sem og sérstakar eftirlitsferðir. Við eftirlit Heilbrigðiseftirlitsins þann 20. febrúar sl. kom í ljós að ástand húsnæðisins eftir víðtækar úrbætur 2019 og fram á þetta ár er gott og stenst heilbrigðiskröfur sbr. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Eftirlit Heilbrigðiseftirlitsins tekur jafnframt mið af leiðbeiningum sem gilda á alþjóða- og landsvísu er varðar viðhald og þrif sem og leka og raka í húsnæði. Gerðar voru smávægilegar athugasemdir sem eru í ferli varðandi viðgerðir. Heilbrigðiseftirlitið framkvæmir ekki sýnatökur á húsnæði nema fyrir liggji viðmiðunarmörk á mögulegri mengun hvers konar þar sem ekki er hægt að byggja kröfur um úrbætur á slíku og vísast m.a. til meðalhófs- og rannsóknarreglu stjórnsýslulaga þar um. Engin viðmiðunarmörk eru til vegna myglugróa í húsnæði og ástæða þess er að myglugró eru alls staðar í umhverfinu og er eðlileg örveruflóra bæði inni sem úti.

Í fyrirspurninni koma fram atriði og spurning sem erfitt er að átta sig á hver tilgangurinn er með og er í besta falli vankunnáttá áheyrnarfulltrúans. Hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur vinna heilbrigðisfulltrúar m.a. með sérþekkingu á innivist og sjá um að framfylgja því regluverki sem þeim er falið og eftirlitsskyldir eiga að fara að. Heilbrigðiseftirlitið er það embætti sem getur dæmt húsnæði heilsuspillandi eða ekki. Öllum erindum sem berast eftirlitinu er svarað og mál rannsökuð, dylgjur um annað eru ekki svaraverðar. Að lokum vill Heilbrigðiseftirlitið vara við framsetningu erinda og fullyrðinga án viðunandi þekkingar sem eru fallnar til að valda óþarfa hræðslu og óróleika.

Reykjavík 28. febrúar 2020


Arný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri